

Fundur samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 3. janúar 2013, kl. 11:00,
Fundurinn var haldinn í Ísafjarðarbæ og í gegnum síma.

Mætt voru á Ísafirði Sigurður Pétursson Ísafjarðarbæ, formaður og Elías Jónatansson
Bolungarvík

Í síma voru Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafjarðarhreppi, Guðbrandur Sverrisson
Kaldrananeshreppi og Gústaf Jökull Ólafsson Reykhólahreppi.

Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrá hans.

1. Samningur við Vegagerð um tilraunarverkefni í almenningssamgöngum.

Lögð fram drög að samningi við Vegagerð *Samningur um tilraunaverkefni til að efla og þróa skipulag almenningssamganga milli byggðakjarna og tengingu við höfuðborgarsvæðisins*
Samningurinn er til fimm ára og samningsfjárhæð er 3.250 þúsund kr. fyrir hvert ár auk
vísitölutryggingar.

Farið yfir efnisatriði samningsins og gerðar tillögur að breytingum. Samþykkt að visa
samningi með áorðnum breytingum til stjórnar FV.

2. Ályktun um samgöngu og fjarskiptamál.

Óveður gekk yfir Vestfirði í lok desember 2012 og lokuðust allir vegir vegna snjóá, snjóflóða
og rafmagn fór út í langan tíma. Mikil vankvæði komu upp varðandi öryggi í samgöngum og
fjarskiptum landshlutans. Formaður skýrði að stjórn FV tæki þennan atburð til umræðu á
næsta fundi sínum og óskað væri eftir áherslum samgöngunefndar varðandi málið.

Samgöngunefnd beinir því til stjórnar FV að gerð verði nákvæm úttekt á afleiðingum þessa
atburðar gagnvart öllum aðilum. Fjarskiptamál verði skoðuð sérstaklega auk þess að skoðað
verði skipulag og öryggi vetrarþjónustu.

Samgöngunefnd leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi fjármögnun verkefna innan
samgönguáætlunar. Úrbætur þar, svo sem Dýrafjarðargöng og jarðstrengur þar í gegn í stað
háspennulínu, hefðu lagað ástandið verulega. Samgöngunefnd telur einnig mikilvægt að
gildandi samgönguáætlun verði breytt á þá lund að framkvæmdum vegna snjóflóðvarna á
Súðavíkurhlíð verði flýtt og þær hafnar á árinu 2013 í stað ársins 2015.

3. Þingsályktun um heilsárssamgöngur í Árneshrepp

Farið yfir umsagnir sem hafa borist til Alþingis vegna þingsályktunar um heilsárssamgöngur í
Árneshreppi en málið er enn til umfjöllunar í nefnd Alþingis. Samþykkt að fela formanni,
framkvæmdastjóra og Guðbrandi Sverrissyni að vinna samantekt á efnisatriðum umsagna og
leita samvinnu við sveitarstjórn Árneshrepps við það verkefni.

4. Fundir samgöngunefndar

Samþykkt tillaga formanns að næsti fundur samgöngunefndar verði í lok þessa mánaðar eða
byrjun febrúar. Fundurinn verði haldinn í Reykjavík og á hann verði boðaðir forstöðumenn
samgöngustofnana auk þess sem leitað verði eftir fundi með þingmönnum NV kjördæmis.

Fundi slitið kl. 12.30.